

15. september 2020

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2708](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2708)

Efni: Umsögn um 2. aðgerðaáætlun í loftslagsaðgerðum

Eins og kemur fram í 2. aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, er loftslagsváin ein stærsta áskorunar 21. aldarinnar og það er ljóst að öflugar aðgerðir þarf til að þróa loftslagsmála til betri vegar, svo sem að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni úr andrúmsloftinu. Ráðstöfun fjármagns til aðgerðar, notað til þess að ná markmiðum um að verða kolefnishlutlaust Íslands árið 2040, verður að vera skilvirk og hagkvæm. Skógrækt er vafalítið öflug aðferð til kolefnisbindingar og vægi skógræktar þarf að vega þungt í áætluninni. Afleiðingar Covid-19 faraldursins hafa langtímaafleiðingar á efnahag landsins sem kemur niður á samfélaginu öllu. Á slíkum tímum ætti að vera samfélagsleg skilda að fjárfesta í aðgerðum sem ekki aðeins eru hjálpleg við loftslagsvánni, heldur eru jákvæð fyrir íslenskt samfélaginu í heild. Skógrækt er dæmi um aðgerð þar sem að allir vinna.

Fyrir utan að skógrækt er ein öflugasta leiðin til að binda kolefni, skapar skógrækt bæði atvinnu í nútíma og tryggir atvinnu í framtíðinni, sérstaklega á landsbyggðinni. Auk þess bæta skógar lífið á margan hátt fyrir allra: Þeir bæta vatnsbúskap landsins, veita skjól, henta sérstaklega vel til útivistar og margt fleira. Skógrækt byggir líka upp verðmæta auðlind, sem í framtíðinni dregur úr þörf á timburinnflutningi og gerir íslendinga sjálfbæra um timbur með tilheyrandi gjaldeyrisparnaði. Sömuleiðis getur skógrækt verið hluti af endurheimt vistkerfa. Á Íslandi er nóg pláss til að rækta mismunandi gerðir af skógi í stórum stíl. Ef aðgerðir skila ekki kolefnishlutlausu Íslandi innan tíðar þarf ríkið að leita á náðir annarra til að ná tilætluðu hlutleysi. Reikna má með að ríkið þurfi að fjárfesta í vottuðum kolefniseiningum. Það er æskilegt að leggja fjármagn í árangursríkar loftslagsaðgerðir strax, heldur en að lenda í skuld við aðrar þjóðir síðar. Fjárfesting í skógrækt tapast ekki með kolefnissköttum til útlanda, heldur helst hún heim fyrir og ávaxtast eftir því sem skógurinn vex. Það er því dýrkeypt að fjármagna ekki öfluga loftslagsaðgerð eins og skógrækt og það sem fyrst.

Miðað við hvað áætlaður samdráttur í heildarlosun vegna skógræktar er mikill, er fjármagnið sem fer í skógrækt mjög lítill, sérstaklega ef borið er saman aðrar aðgerðir sem gert er grein fyrir í aðferðaáætluninni. En til þess að stunda skógrækt í stórum stíl, er augljóst að framlag til skógræktar þarf að stóraukast.

Stjórn Landssamtaka skógareigenda (LSE) vill minna á mikilvægi skógræktar. Það er nauðsynlegt að bregðast við sem allra fyrst og fjárfestingin mun skila sér margfalt til baka. LSE hvetur til að fjármagn verði aukið umtalsvert til skógræktar. Skógrækt er dæmi um aðgerð þar sem að allir vinna, bæði í nútíð og framtíð.

Fyrir hönd stjórnar Landssamtaka skógareigenda (LSE)

Naomi Bos, stjórnarmaður LSE

Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSE